

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarsvæðis Vaðlabbyggðar í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 6. maí 2003 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis í landi Veigastaða I.

Deiliskipulagið tekur til 10 einbýlishúsalóða á um 4 ha svæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Svalbarðseyri, 19. júní 2003.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði, Miðtún og umhverfi.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðar-, útvistar- og athafnasvæðis o.fl. við Miðtún og umhverfi.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 18. júní 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá.

1. gr.

Við skráningu í fyrirtækjaskrá skal hinum skráða gefin kennitala.

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu þó auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá.

Við nýskráningu í fyrirtækjaskrá ásamt útgáfu á kennitölu skal taka sérstakt skráningargjald kr. 5.000.